

Miðvikudaginn 4. júlí 1945.

Nr. 1/1945. Erlingur Friðjónsson f. h. Verkalýðsfélags
Akureyrar vegna Bergþórs Baldvinssonar
(Erlingur Friðjónsson)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafé-
lags Akureyrarkaupstaðar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Mál út af ákvæði kjarasamnings um forgangsrétt félagsmanna í verkalýðsfélagi til vinnu hjá samningsbundnum vinnuveitendum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 23. maí s. l., af Erlingi Friðjónssyni fyrir hönd Verkalýðsfélags Akureyrar, Akureyri, vegna Bergþórs Baldvinssonar, félagsmanns þess félags, gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, Akureyri. Hefur stefnandi gert þær kröfur í stefnu málsins, að dæmt verði ógilt ákvæði í 9. gr. samnings frá 2. júní 1943 milli verkamannafélagsins og Vinnuveitendafélags Akureyrar, og að dómurinn leggi fyrir alþýðusambandið vegna verkamannafélagsins að nema ákvæði þetta burtu úr samningnum, en það hljóðar svo:

„Meðlimir Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og annarra þeirra stéttarféлага í bænum, sem eru meðlimir Alþýðusambands Íslands og aðrir þeir, sem stjórn Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar veitir vinnuréttindi, skulu sitja fyrir þeirri verkamannavinnu, sem framkvæmd er.“

Svo krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins kom það upp, að samningurinn frá 2. júní 1943 hafði verið felldur úr gildi með síðari samningi milli verkamannafélagsins annars vegar og vinnuveitendafélagsins, Kaupfélags Eyfirðinga og Byggingameistara-

félags Akureyrar hins vegar. Í upphafi 10. gr. þessa samnings, sem enn er í gildi, er ákvæði öldungis samkynja að efni því ákvæði 9. gr. hins eldra samnings, sem í stefnu er krafizt ógildingar á. Breytti því stefnandi við málflutninginn með samþykki stefnda dómkröfum sínum á þá leið, að framangreindar kröfur hans í stefnu varðandi ákvæði 9. gr. samningsins frá 2. júní 1943 beindust nú að samsvarandi ákvæði 10. gr. hins gildandi samnings.

Málavextir eru þeir, að í nóvembermánuði 1943 fór Bergþór Baldvinsson þess á leit við tvo nafngreinda félagi í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, þá Jakob Karlsson og Sverrir Ragnars, að þeir tækju hann í vinnu, en báðir synjuðu honum þess og tilgreindu sem ástæðu fyrir neituninni ákvæði 9. gr. samningsins frá 2. júní 1943, um forgangsrétt félagi verkamannafélagsins til vinnu hjá þeim. Reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að greint ákvæði samningsins frá 1943 hafi verið ógilt gagnvart Bergþóri, og sama sé um sams konar ákvæði gildandi samnings. Styður stefnandi þetta álit sitt fyrst og fremst við það, að upphaflega hafi ákvæðið komist inn í samninginn frá 1943 vegna ólögmatrar og jafnvel refsiverðrar nauðungar gagnvart vinnuveitendafélaginu. Hafi nauðungin verið fólgin í því, að verkamannafélagið hafi beitt hótun um vinnustöðvun og alþýðusambandið heitið því fullum stuðningi sínum, sbr. eftirfarandi símskeyti, er alþýðusambandið hafi sent vinnuveitendafélaginu meðan á samningaumleitunum stóð: „Ef samningar takast ekki milli yðar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og til vinnustöðvunar þarf að koma, mun alþýðusambandið veita verkamannafélaginu allan þann stuðning, sem það getur í té látið.“ Nauðung hafi einnig verið beitt til þess að koma ákvæðinu inn í gildandi samning.

Þá heldur stefnandi því fram, að umdeilt ákvæði miði að því að útiloka Bergþór og aðra félagsmenn verkalýðsfélagsins, svo og sérhvern verkamann, sem ekki sé í stéttarfélagi á Akureyri innan alþýðusambandsins, frá því að geta fengið verkamannavinnu á Akureyri. Brjóti því ákvæðið greinilega í bága við þann tilgang, sem stéttarfélögum og stéttarfélagasamböndum sé heimilaður í 1. gr. laga nr. 80 frá 1938 svo og 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Enn rökstyður stefnandi kröfur sínar með því, að umrætt ákvæði útiloki Bergþór frá allri verkamannavinnu hjá þeim vinnuveitendum á Akureyri, sem samningsbundnir séu við

verkamannafélagið, en hann sé verkamaður og eigi lífsafkomu sína undir því að geta fengið slíka vinnu. Með ákvæðinu séu því lögð veruleg bönd á atvinnufrelsi Bergþórs og sé það af þeim ástæðum ólöglegt samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Loks bendir stefnandi máli sínu til framdráttar á 3. gr. laga nr. 80 frá 1938, er hann telur gera ráð fyrir, að félagsmaður geti gengið úr verklýðsfélagi án réttindamissis, svo og 45. gr. sömu laga, sem gerir ráð fyrir ófélagsbundnum aðilja.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Heldur stefndi því fram, að engri nauðung hafi verið beitt, hvorki við sammingsumleitanirnar sumarið 1943, né heldur er gildandi samningur var gerður.

Þá mótmælir hann því, að umdeilt ákvæði komi í bága við nokkra grein stjórnarskrárinnar eða laga nr. 80 frá 1938.

Loks andmælir stefndi síðustu málsástæðu stefnanda.

Þó að alþýðusambandið hafi, eins og áður er greint, meðan samningar stóðu yfir sumarið 1943 milli verkamannafélagsins og vinnuveitendafélagsins, lofað verkamannafélaginu fullum stuðningi sínum, ef samningar tækjust ekki og til vinnustöðvunar þyrfti að koma, verður ekki talið, að í þeim aðgerðum hafi falizt hótun um að beita ólögmati nauðung. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að nokkrar nauðungaraðgerðir hafi átt sér stað, er umdeilt ákvæði 10. gr. gildandi sammings var í hann sett. Hefur því fyrst greind málsástæða stefnanda ekki við rök að styðjast.

Verður nú athugað, hvort umþrætt ákvæði brýtur í bága við lög.

1. gr. laga nr. 80 frá 1938 er svo hljóðandi: „Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.“ Ákvæði í kjarasamningum milli verklýðsfélaga og atvinnurekenda, um forgangsrétt félagsmanna verklýðsfélags til vinnu hjá viðkomandi atvinnurekendum verður að teljast falla undir þann tilgang, sem lýst er í greininni, að vinna að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar. Styðst þessi skýring og við það, að áður en greind lög voru sett, tíðkuðust slík forgangsréttarákvæði nokkuð í kjarasamningum. Hefði því í lögnum frá 1938 beinlínis átt að banna forgangsréttarákvæðin, ef löggjafinn taldi þau ekki samrýmast löglegum tilgangi stéttarféлага. Þetta var ekki gert, enda hefur

forgangsréttarákvæðum fjölgað mjög í kjarasamningum eftir gildistöku laganna. Af þessu er ljóst, að ákvæði það, sem ógildingar er krafizt á í máli þessu, verður talið samræmast ákvæðinu í 1. gr. laga nr. 80 frá 1938 og þá einnig 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Þrátt fyrir forgangsrétt félagsmanna verkamannafélagsins til vinnu hjá atvinnurekendum þeim, sem félagið hefur samið við, hefur Bergþór óhindraðan aðgang að því að leita sér atvinnu hjá ósamningsbundnum atvinnurekendum. Hann er frjálst að því að stofna til eigin atvinnurekstrar eftir því sem geta hans leyfir og lög heimila. Þá virðist hann og geta orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem félagar verkamannafélagsins njóta, með því að ganga í það félag, sbr. 2. gr. laga nr. 80 frá 1938 og ákvæði í 10. gr. gildandi samnings milli verkamannafélagsins og fyrrgreindra þriggja aðilja, en í því ákvæði segir, að allir verkamenn, sem búsettir eru á félagssvæðinu, eigi rétt á að ganga í Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Verður því umdeilt forgangsréttarákvæði ekki talið brot á 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Loks verður ekki séð, að 3. og 45. gr. laga nr. 80 frá 1938, sem stefnandi hefur vitnað til, ógildingarkröfu sinni til stuðnings, séu af atriði fyrir úrslit málsins.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, og þykir eftir þeim úrslitum og öllum málavöxtum rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Erlings Friðjónssonar f. h. Verkalýðsfélags Akureyrar vegna Bergþórs Baldvinssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.